

2019

FÉLAGAKERFIÐ FELIX

Felix er miðlægt félagakerfi Íþrótt- og Ólympíu-samband Íslands (ÍSí) og Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) og heldur utan um íþróttaiðkendum á Íslandi. Kerfið var fyrst tekið í notkun árið 2004 og er hannað af hugbúnaðarfyrirtækinu Idega. Íþróttafélög innan ÍSí og UMFÍ hafa beinan aðgang inn í kerfið í gegnum helstu vafra sem eru á markaðnum í dag.

Kerfið fá sambandsaðilar til notkunar endurgjalds-laust og nýtist það til að halda utan um daglega

skráningu þátttakenda í íþróttastarfinu.

Felix er tengdur beint við þjóðskrá sem auðveldar til muna allt utanumhald. Þá er hægt að halda utan um netföng einstaklinga og senda tölvupóst beint úr kerfinu.

Kerfið býður upp á aðgangsstýringu með rafrænum skilríkjum sem gerir félögum kleift að gefa aðgang á einfaldan máta.


NAUÐSYN FÉLAGAKERFIS

Skráning í Felix er ekki einungis nauðsynleg vegna tölfræðiúrvinnslu heldur einnig gagnvart:

- keppnisrétti í mótum sérsambanda
- dómstólum íþróttahreyfingarinnar
- lyfjaeftirliti
- endurgreiðslum úr slysabótasjóði ÍSí
- ákvörðun um fulltrúafjölda á þingum sambandsaðila
- lottóúthlutun íþróttahreyfingarinnar

TÖLFRÆÐI

Tölfræði ÍSí er byggð á gögnum úr starfsskýrslum og hefur ÍSí yfir að ráða gögnum, greinanleg á einstaklinga, allt aftur til ársins 1994. Um er að ræða einstæð gögn enda er ekki vitað til að nokkur önnur þjóð hafi safnað saman gögnum um íþróttaiðkun sem hægt er að greina með þessum hætti.



Iðkanir 2019 eftir kyni

IÐKANIR 2019 EFTIR ÍPRÓTTAHÉRUÐUM

Hérað	Karlar		Konur		Samtals iðkanir		% breyting	Fjöldi íþrótta félaga	Fjöldi íþr. greina
	-17	18+	-17	18+	2019	2018			
HHF	42	93	54	42	231	360	-35,8%	4	7
HSB	57	97	101	26	281	284	-1,1%	2	7
HSH	302	691	276	393	1.662	1.687	-1,5%	13	13
HSK	2.964	5.985	2.757	3.556	15.262	12.702	20,2%	50	23
HSS	53	83	66	49	251	231	8,7%	7	10
HSV	677	574	609	255	2.115	2.725	-22,4%	12	18
HSP	401	853	499	458	2.211	2.056	7,5%	22	18
ÍA	1.548	1.050	1.317	496	4.411	3.702	19,2%	19	19
ÍBA	2.716	2.716	2.189	1.176	8.797	8.380	5,0%	22	33
ÍBH	5.032	4.603	4.192	2.136	15.963	16.670	-4,2%	20	28
ÍBR	13.286	16.424	10.327	7.367	47.404	49.114	-3,5%	70	45
ÍBV	606	607	501	225	1.939	1.466	32,3%	10	9
ÍRB	1.495	2.596	1.284	796	6.171	5.268	17,1%	9	19
ÍS	796	1.014	671	377	2.858	2.657	7,6%	9	12
UDN	122	90	100	87	399	383	4,2%	7	6
UÍA	1.018	1.791	901	797	4.507	4.141	8,8%	28	20
UÍF	334	333	374	176	1.217	935	30,2%	12	10
UMSB	382	704	285	381	1.752	1.735	1,0%	12	11
UMSE	364	463	351	270	1.448	1.178	22,9%	13	13
UMSK	10.256	9.622	8.628	5.919	34.425	33.152	3,8%	40	29
UMSS	629	928	593	516	2.666	2.408	10,7%	9	16
USAH	135	463	75	211	884	635	39,2%	10	7
USÚ	373	525	312	290	1.500	1.542	-2,7%	5	15
USVH	76	253	106	213	648	656	-1,2%	3	8
USVS	133	151	86	133	503	443	13,5%	6	5
Samtals	43.797	52.709	36.654	26.345	159.505	154.510			

UM STARFSSKÝRSLUR ÍPRÓTTAHREYFINGARINNAR

Í þessari tölfræði er unnið með gögn sem íþrótta- og ungmennafélög innan Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) skiluðu rafrænt á árinu 2020 í gegnum Felix - félagakerfi ÍSí og UMFÍ. Um er að ræða gögn um iðkun íþrótta árið 2019 og voru þau sótt í gagnagrunn Felix í september 2020.

Gögn voru greind í Microsoft Excel og Power BI. Unnið var með eina heildarskrá sem innihélt fjölmargar breytur þar sem einstaklingur getur verið skráður með margar iðkanir (stundar fleiri en eina íþróttagrein) á sama ári.

STARFSSKÝRSLUR

Fyrir 15. apríl ár hvert ber sambandsaðilum innan ÍSí að skila inn skýrslu í Felix um starfsemi ársins á undan. Þessar skýrslur bera nafnið Starfsskýrslur ÍSí og UMFÍ og er þeim skipt í þrjá hluta. Fyrst ber að nefna þann

í fyrri var fyrst farið að vinna með gögn úr Felix með Power BI sem er hugbúnaður frá Microsoft sem er sérhannaður til að birta tölfræði myndrænt. Með því að sýna tölfræði í Power BI þá birtist notendum skýrari mynda af þeim upplýsingum sem þeir óska eftir og valmöguleikar margfaldast.

[Myndræna tölfræði má sjá á vefsíðu ÍSí.](#)


hluta sem inniheldur upplýsingar um stjórn félags og deilda, þá er að finna lykiltölur úr ársreikningum og síðast en ekki síst gögn um iðkendur, félaga og stjórnarmenn.

IÐKANIR 2019 EFTIR ÍPRÓTTAGREINUM


Íþróttagreinir	Karlar		Konur		Samtals iðkanir		% breyting	Fjöldi íþrótta félaga	Fjöldi héraða.
	-17	18+	-17	18+	2019	2018			
Aikido	44	98	18	50	210	204	2,9%	1	1
Akstursíþróttir	15	1.340	5	107	1.467	1.452	1,0%	11	8
Almenningsíþróttir	3.421	1.741	2.844	2.186	10.192	10.060	1,3%	40	18
Badminton	1.248	1.838	1.006	919	5.011	6.290	-20,3%	24	16
Bandý	53	46	9	19	127	165	-23,0%	2	2
Blak	378	746	547	1.646	3.317	3.105	6,8%	56	20
Bogfimi	143	390	61	142	736	853	-13,7%	10	9
Borðtennis	142	214	58	50	464	530	-12,5%	11	6
Dans	373	558	944	839	2.714	2.130	27,4%	10	4
Fimleikar	4.299	285	8.897	660	14.141	14.127	0,1%	29	17
Fisflug	1	381		47	429	332	29,2%	1	1
Frisbígolf	12	66	8	8	94	94	0,0%	1	1
Frjálsíþróttir	1.490	543	1.782	582	4.397	4.507	-2,4%	70	19
Glíma	146	293	91	62	592	373	58,7%	14	8
Golf	1.636	12.703	740	6.136	21.215	20.752	2,2%	60	23
Hafna- og mjúkbolti	29	41	6	6	82	47	74,5%	1	1
Handknattleikur	3.541	1.164	2.308	672	7.685	7.678	0,1%	24	8
Hestaiþróttir	1.347	4.709	2.331	4.143	12.530	11.791	6,3%	45	21
Hjólreiðar	348	924	72	457	1.801	1.835	-1,9%	16	9
Hnefaleikar	591	978	206	339	2.114	1.862	13,5%	7	6
Íshokki	304	158	105	66	633	723	-12,4%	5	2
Íþróttir fatlaðra	167	453	100	322	1.042	967	7,8%	16	12
Jiu jitsu	24	83	15	55	177	176	0,6%	1	1
Júdó	460	346	148	74	1.028	1.053	-2,4%	10	7
Karate	898	251	294	125	1.568	1.754	-10,6%	14	8
Keila	57	230	29	107	423	447	-5,4%	4	3
Klifur	443	621	423	301	1.788	1.600	11,8%	3	3
Knattspyrna	14.075	6.633	7.455	1.835	29.998	27.994	7,2%	128	24
Kraftlyftingar	27	851	17	480	1.375	1.223	12,4%	18	12
Krikket	-	-	-	-	-	28	-100,0%	1	1
Krulla		44		8	52	52	0,0%	1	1
Körfuknattleikur	3.847	1.852	1.897	717	8.313	7.251	14,6%	60	23
Listskautar	56	5	805	85	951	972	-2,2%	4	2
Lyftingar	67	459	31	360	917	734	24,9%	13	8
Mótorhj.og snj.sl.íþr.	119	2.371	35	268	2.793	2.751	1,5%	20	13
Rathlaup	25	38	19	33	115	114	0,9%	1	1
Rugby		59		9	68	66	3,0%	2	1
Siglingar	473	992	189	241	1.895	1.809	4,8%	8	7
Skíðaiþróttir	615	175	583	130	1.503	1.296	16,0%	21	11
Skotíþróttir	25	5.135	3	346	5.509	5.491	0,3%	20	17
Skvass		675		146	821	824	-0,4%	2	2
Skylmingar	131	745	27	345	1.248	1.255	-0,6%	2	2
Sund	1.625	149	1.950	227	3.951	4.232	-6,6%	35	20
Svifflug	7	89	1	8	105	82	28,0%	2	2
Taekwondo	627	227	249	151	1.254	1.053	19,1%	16	9
Tennis	424	628	321	481	1.854	1.629	13,8%	8	4
Wushu	33	162	21	158	374	360	3,9%	1	1
Þríþraut	11	220	4	197	432	387	11,6%	7	6
Samtals	43.797	52.709	36.654	26.345	159.505	154.510			

RÚMLEGA 30% STUNDA ÍÞRÓTTIR

Ef skoðuð er mynd 1 þá er unnt að sjá fjölda landsmanna á sérhverju aldursári og fjölda iðkenda eftir aldri. Á mynd 2 er hægt að sjá fjölda landsmanna á sérhverju aldursári og fjölda iðkana eftir aldri.



Íþrótta iðkendur innan ÍSí voru 108.705 árið 2019, sem jafngildir því að 30,3% landsmanna stundi íþróttir með íþróttafélögum innan ÍSí.



LYKILTÖLUR ÚR STARFSSKÝRSLUM 2019

	2019	2018	Breyting
Félagsaðildir	283.789	335.819	-15,5%
Félagsmenn (fjöldi kennitalna)	184.974	199.188	-7,1%
Iðkanir	159.505	154.510	3,2%
Iðkendur (fjöldi kennitalna)	108.705	104.042	4,5%
Hlutfall landsmanna sem stunda íþróttir	30,3%	29,9%	
Íþróttahéruð	25	25	
Sérsambönd	33	32	
Fjöldi íþróttagreina	47	48	
Fjöldi íþróttafélaga	408	418	
Fjöldi deilda	854	844	

Fjölmennustu íþróttagr. 2019		Iðkanir
KSÍ	Knattspyrna	29.998
GSÍ	Golf	21.215
FSÍ	Fimleikar	14.141
LH	Hestaíþróttir	12.530
ÍFA	Almenningsíþróttir	10.192
KKÍ	Körfuknattleikur	8.313
HSÍ	Handknattleikur	7.685
STÍ	Skotíþróttir	5.509
BSÍ	Badminton	5.011
FRÍ	Frjálsíþróttir	4.397
SSÍ	Sund	3.951



ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðin í Laugardal
Engjavegur 6
104 Reykjavík
Sími: 514 4000
Netfang: isi@isi.is

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) varð til við sameiningu íþróttasambands Íslands og Ólympíunefndar Íslands árið 1997. ÍSí er landsamband héraðssambanda/íþróttabandalaga og sérsambanda og er einu heildarsamtök íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. ÍSí er æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu samkvæmt íþróttalögum. Félagssambönd í íþróttahreyfingunni eru tæplega 280 þúsund og fjöldi virkra iðkenda er rúmlega 108 þúsund.

